

Lög

um breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbóklöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögnum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga þessara, sbr. 3.–6. gr., skulu tekjur af sérstök-
um eignarskatti umfram 490 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 2000.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Samþykkt á Alþingi 21. desember 1999.